

Ályktanir samþykktar á landsfundi Ungra vinstri grænna, haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011

Ályktun um aðskilnað ríkis og kirkju

Landsfundur Ungra vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011 ítrekar að mikilvægt sé að víðtæk sátt náist í þjóðfélaginu um samstarf ríkis og trúfélaga. Eftirfarandi aðgerðir eru nauðsynlegar til að trúfrelsi náist:

- 1) Aðskilja ber þjóðkirkju og ríkisvald.
- 2) Breyta skal ákvæðum laga um aðild að trúfélögum á þann veg að sjálfkrafa skráning barns í trúfélag móður við fæðingu verði afnumin. Framvegis verði samþykki beggja forsjáraðila, ef þeir eru tveir, að liggja fyrir til þess að barn sé skráð í trúfélag þegar það er yngra en svo að því sé heimilt að sjá um trúfélagsskráningar sínar sjálft.
- 3) Afnema skal 125. grein almennra hegningarlaga, lög um guðlast, sem hljóða svo: „Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða [fangelsi allt að 3 mánuðum]. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.”
- 4) Lífsskoðunarfélög sem gegna sama félagslega hlutverki og trúfélög öðlist sömu lagalegu réttindi og þau.
- 5) Virða ber réttindi foreldra til þess að ráða trúaruppeldi barna sinna. Því þarf að tryggja hlutlausu fræðslu um trúarbrögð í skólum, og koma í veg fyrir að einstakir trúarhópar geti farið inn í skólana og boðað trú sína þar. Vilji börn taka þátt í trúarlegu starfi er eðlilegast að það fari fram á vegum viðkomandi trúfélags, utan opinberra stofnanna. Einnig ber að gæta þess að kennsluefni í trúarbragðafræðum sé hlutlaus fræðsla um trú í stað boðunar.

Ályktun um kynjajafnaða ríkisstjórn

Landsfundur Ungra vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011 telur að flokksforystan hafi ekki staðið sig sem skyldi í jafnréttismálum. Það er hlutverk flokks sem kennir sig við jafnrétti að tryggja að jafnt kynjahlutfall sé í ríkisstjórn sem og öllum skipuðum nefndum stjórnarinnar.

Ályktun um einkaskóla

Landsfundur Ungra vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október, lýsir yfir samstöðu með nemendum Kvikmyndaskólans og einnig stuðningi við umleitun ríkisins til að ráða bót á vandamálum þeirra nemenda. Hann leggur þó áherslu á að það sé ekki hlutverk ríkisins að reka einkaskóla ef þeir geta ekki rekið sig sjálfir.

Það er augljóst að ef menntastofnanir sem þiggja opinbera styrki geta krafist skólagjalda standi þær töluvert betur að vígi fjárhagslega séð en aðrar sambærilegar menntastofnanir. Með því skapast það tvöfalda menntakerfi sem við búum við í dag. Til að forðast mismunun nemenda á grundvelli fjárhags þeirra væri óskandi að allt menntakerfið, sem grunnþjónusta, gæti verið á höndum hins opinbera. Meðan svo er ekki er óréttlátt að einkaskólum sé hyglt á kostnað þeirra opinberu og fái styrki á borð við þá sem eiga allt sitt undir ríkisvaldinu.

Fundurinn lýsir jafnframt yfir ánægju sinni varðandi framgöngu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í því að endurnýja ekki samstarfssamninga við Menntaskólann Hraðbraut og hvetur til að fundin verði úrlausn á málefnum þeirra nemenda sem nú hafa þar skólavist.

Um niðurskurð í velferðarþjónustu

Landsfundur Ungra vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011, ályktar gegn frekari niðurskurði í heilbrigðiskerfinu. Ljóst má vera að heilbrigðiskerfið er löngu komið að þolmörkum þar sem bæði var skorið niður í málaflokknum undir einkavæðingarstefnu fyrri ára og virðast valdhafar ekki hafa fundið aðra leið í hagræðingu eftir hrún. Grunnþjónusta sú sem hefur bein áhrif á líf og dauða fólks hlýtur að teljast forgangsatriði hjá ríkisstjórn félagshyggjuflokka og ætti því að vera sjálfsagt að forgangsöröðuninni verði breytt.

Samkvæmt drögum að fjárlögum ársins 2012 er gert ráð fyrir 1.5% niðurskurði í heilbrigðistengdri þjónustu. Frekari niðurskurður í heilbrigðiskerfinu getur ekki orðið án þess að þjónusta við sjúklinga skerðist alvarlega. Ung vinstri græn álíta að á meðan skattamöguleikar þjóðarinnar eru ekki fullnýtir sé ómögulegt að réttlæta frekari niðurskurð í velferðarkerfinu.

Ályktun um byrjunarlaun presta

Landsfundur Ungra vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október leggur til að grunnlaun presta Þjóðkirkjunnar verði samræmd launum stétta með sambærilega menntun, s.s kennara og hjúkrunarfræðinga svo meiri jöfnuður náist.

Prestar Þjóðkirkjunnar eru ríkisstarfsmenn með grunnlaun uppá rúmar 470.000 krónur á mánuði, auk þess sem þeir fá greitt fyrir athafnir, s.s. jarðarfarir og giftingar ólíkt flestum öðrum trúfélögum á Íslandi. Grunnlaun presta Þjóðkirkjunnar eru algjörlega úr takti við laun annara opinberra starfsmanna þegar litið er til nauðsynjar fyrir samfélagið. Sjúkraliðar, lögreglumenn og leikskólakennarar eru með grunnlaun sem ekki ná 250.000 krónum og er það ótækt að stétt sem að þjónar aðeins broti þjóðarinnar sé með tvöfalt hærri laun en stéttir sem eru samfélaginu mun mikilvægari.

Ályktun um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi

Landsfundur Ungra vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011 skorar á stjórnvöld að taka virkan þátt í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og styðja áfram við þau samtök sem veita brotapolum aðstoð við að vinna úr reynslu sinni. Einnig að taka þátt í hverju því forvarnarstarfi sem leggur áherslu á ábyrgð gerandans en ekki brotapolans. Skýr vilji og skilningur á málaflokknum þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé að vinna bug á vandanum.

Ennfremur skorar landsfundur á menntamálaráðherra að þrýsta á þá skóla sem ekki hafa tekið upp jafnréttisfræðslu að gera það hið fyrsta. Jafnréttisfræðsla getur verið öflug forvörn gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi og er sjálfsagður hluti af lífsleiknikennslu í grunnskólum landsins.

Gúrkur frammar áli

Landsfundur Ungra Vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011 krefst þess að grænmetisbændur fái raforku á sömu kjörum og stóriðjan í landinu. Grænmetisráekt héraendis er vistvæn og því telur fundurinn að það sé eðlilegra að styðja landbúnað í sátt við náttúruna og umhverfið í stað þess að gefa raforku á spottprís til stóriðjurisa. Ennfremur styður fundurinn baráttu og frekari framgang grænmetisbænda í ljósi þess vanda sem formaður ónefnds stjórn málafls hefur þurft að mæta sökum fábreytni í framboði á íslenskum ávöxtum og grænmeti. Hvert kíló sem fýkur, því kíló er vel varið.

Rannsókn á umhverfismati Kárahnjúkavirkjunar

Landsfundur Ungra Vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011 krefst þess að rannsókn fari tafarlaust fram á vinnubrögðum fyrrum umhverfisráðherra í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar. Í ljósi þess að umhverfisáhrifin eru í engu sambandi við það sem fyrir var spáð veltir fundurinn því fyrir sér hvort hagsmunir tengdra aðila hafi haft áhrif á umhverfismatið eða hvort hreinlega hafi verið sagt ósatt í ferlinu öllu.

Hraðbankavæðingin horfin úr Umhverfissráðuneytinu

Landsfundur Ungra vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011 lýsir yfir fullum stuðningi við starf Svandísar Svavarsdóttur í þágu náttúru Íslands. Svandísi hefur tekist með mikilli seiglu að breyta umhverfissráðuneytinu úr þægilegri afgreiðslu fyrir leyfisveitingar vegna misgáfulegra stóriðjuverkefna á landinu í það að vera málsvari náttúrunnar.

Vegamál á Vestfjörðum

Landsfundur Ungra vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011 krefst þess að tafarlaust verði unnið að vegabótum á sunnanverðum Vestfjörðum. Það er ólíðandi að íbúar þessa svæðis þurfi að bíða í áratugi eftir úrlausn sinna mála og eiga þeir rétt á að þjóðvegir í umdæminu séu eins öruggir og mögulegt er. Mannsæmandi samgöngur eru grundvallaratriði til að viðhalda byggð í landinu og ætti að vera brýnt hagsmunamál allrar þjóðarinnar.

Ísland úr NATÓ

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn á Suðureyri 1.–2. október 2011, ítrekar þá stefnu sína að Ísland skuli hafna hervæðingu, standa utan hernaðarbandalaga og tala fyrir friði á alþjóðavísu. Það er ekki nóg að tala fyrir friði ef ekkert er að gert þegar á reynir. Aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar er ámælisvert ef litið er til atburða eins og loftárásanna í Líbýu og heræfinga Kanadamanna á íslenskri grundu.

Áframhaldandi þáttaka íslenska ríkisins í stríðsbrölti hernaðarbandalagsins NATO er gróflega úr takti við friðarstefnu ríkisstjórnarinnar og algjörlega fáránleg í ljósi þess að Íslendingar telja sig vera friðarsinna. Ung vinstri græn skora á þingflokk VG að vera samkvæm eigin stefnuskrá og krefjast úrsagnar úr NATO.

Um málefni hælisleitenda

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn á Suðureyri 1.-2. október 2011, krefst fullnægjandi úrbóta í málefnum hælisleitenda á Íslandi og harmar jafnframt að staða hælisleitenda sé enn ófullnægjandi þrátt fyrir að þessi málefni séu nú í höndum ráðherra úr röðum Vinstri grænna.

Einangrun hælisleitenda, stöðugur ótti við tafarlausan brottflutning og það að úrvinnsla umsókna dregst oft óhóflega er eitthvað sem engin manneskja á að þurfa að búa við. Við það bætast algeng og óþarfa brot á þeirri slöku reglugerð sem unnið er eftir við meðhöndlun umsókna.

Það er siðferðislega rangt að skýla sér á bak við Dyflinnar-sáttmálann og vísa hælisleitendum aftur til annarra landa í Evrópu og síst til þess fallið að bæta vandann hnattrænt. Af sömu sökum skal Ísland ekki miða sig við önnur lönd í afgreiðslu á málum hælisleitenda heldur bæta stöðu þeirra sem hingað leita á eigin forsendum. Grundvallarhugsunin á bak við vinnslu umsókna ætti ávallt að vera að veita hælisleitendum nauðsynlega aðstoð út frá siðferðislegu mati og mannúðarsjónarmiðum en ekki út frá því hve lítið er hægt að gera með tilliti til reglugerða.

Landsfundur Ungra vinstri grænna skorar á innanríkisráðherra að setja þessi mál á oddinn og breyta kerfinu svo það geti sinnt hlutverki sínu sem skyldi. Auk þess skorar landsfundur á ráðherra að beita sér innan ríkisstjórnarinnar fyrir alþjóðlegu átaki í málefnum hælisleitenda líkt og kveðið er á um í stefnu flokksins.

Frjáls Palestína

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn á Suðureyri helgina 1.-2. október 2011, ályktar að Palestína eigi að fá tafarlausu viðurkenningu á sjálfstæði sínu sem þjóð og ríki. Landsfundurinn vill hrósa framgöngu Össurar Skarphéðinssonar í málefnum Palestínu og hvetja hann til frekari dáða því batnandi mönnum er best að lifa.

Auk þess leggja Ung vinstri græn til að stjórn mála- og viðskiptasambandi við Ísrael og Bandaríkin verði slitið uns réttlætinu í þessu máli verður framgengt.

Íslandi betur borgið utan ESB

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn á Suðureyri helgina 1.-2. október, ítrekar þá afstöðu sína að Íslandi sé betur borgið utan Evrópusambandsins heldur en innan þess, og þá ekki einungis af hagsmunastaðum heldur einnig siðferðislegum. Sambandið hefur í gegnum tíðina þróast æ meira úr ríkjasambandi yfir í sambandsríki. Til dæmis er nú, með tilkomu Lissabon-sáttmálans, orðin herskylda í ríkjum Evrópusambandsins sem felur það í sér að aðildarríki skulu senda mannafla og/eða leggja fjármuni til Evrópuhersins.

Evrópusambandið er auk þess tollabandalag sem brýtur í krafti ráðandi markaðsstöðu sinnar á fólki í ýmsum ríkjum, þar á meðal í þróunarlöndum.

Ung vinstri græn telja þó að það sé skýlaus lýðræðisleg krafa að aðildarviðræður verði kláraðar og niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu hlýtt.

Einskærir einræðistilburðir forseta Íslands

Landsfundur Ungra vinstri grænna haldinn á Suðureyri 1.- 2. október 2011 lýsir sig dolfallinn á þeim misskilningi á eðli lýðræðis sem birtist í ræðu hæstvirts forseta lýðveldisins við setningu Alþingis 1. október 2011. Skilningur forseta á niðurstöðum stjórnlagaráðs birtist fundinum sem alvarlegir einræðistilburðir, þar sem annar handhafi framkvæmdavalds nýtir sér óvissutíma í samfélagi og óskýr ákvæði í tillögu ráðsins til að vega að þingræðinu, sem hefur verið höfudeinkenni íslenskrar stjórnskipunar frá stofnun lýðveldisins og sópa saman öllu framkvæmdavaldi í hendur forseta.

Þessi þróun í átt að aukinni miðstýringu ríkisvalds brýtur í bága við hugmyndir um aukið lýðræði sem er í hávegum haft hjá íslensku þjóðinni. Fundurinn veltir fyrir sér hvort forsetinn sé blindur á vilja þjóðarinnar eða hvort hann standist einfaldlega ekki mátið að auka eigin umsvif á óvissutímum.